

Stjórnarfundur STEFs 15. nóvember 2021

Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs mánudaginn 15. nóvember 2021 og hófst hann kl. 11:00.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason (formaður), Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Sigurður Flosason, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Páll Ragnar Pálsson og Sigríður. Að auki sat fundinn framkvæmdastjóri, Guðrún Björk.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 4. október svo og útdráttur úr fundargerð voru lögð fram og samþykkt.
2. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum var lagt fram.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- a. Bréf til Almanna- og Samtök viðburðarhaldara og BÍT
- b. Bréf til ráðherra – endurreisn tónlistarlífs
- c. Ólögleg dreifing – bréf vegna íslensks hip hop og staðfesting á því að efni hafi verið tekið niður.
- d. Yfirlit yfir rekstur jan-ág 2021
- e. Yfirlit yfir tekjur NMP/Polaris jan-okt 2021

Á meðan mjög ánægjulegt er að sjá að útsendir reikningar til tónlistarveita halda áfram að setja met og fyrir fyrstu 10 mánuði ársins nær sú fjárhæð 94,4 millj., er augljóst af yfirlitinu yfir rekstur af heimsfaraldurinn heldur áfram að hafa neikvæð áhrif á innlenda innheimtu. Tekjuliðir eins og kvikmyndahús, dansleikir og tónleikar eru enn að lækka og eru lægri en á árinu 2020 (en fyrsti ársfjórðungur þessa árs skilaði sér með nokkuð eðlilegum hætti inn í tekjur STEFs).

3. Endurnýjun samnings við RÚV. Hrafnkell Pálmarsson sölustjóri STEFs mætti sem gestur á fundinn.

- a. Lagt var fram minnisblað sem sent var RÚV í september.
- b. Lagt var fram minnisblað til stjórnar

Farið var yfir stöðu málsins og hvernig samningsviðræður við RÚV hafa gengið en þær hófust um mitt ár 2020. Farið var yfir ýmsa möguleika STEFs í þessari stöðu og ákvörðun tekin (er ekki birt í útdrætti þessum)

4. Niðurstöður stefnumótunar stjórnar. Ákveðið að fresta þessum lið.
5. Niðurstöður stefnumótunar starfsfólks. Ákveðið að fresta þessum lið.

Liðir 4. og 5. voru afgreiddir í sameiningu. Lagðar voru fram niðurstöður stefnumótunarfunda bæði stjórnar og starfsfólks STEFs. Ákveðið var að fá KPMG til að rýna í þetta, samræma og setja í eitt skjal og verður það kynnt á janúarfundi stjórnar STEFs.

6. Allsherjarnefnd kynnti tillögur að því sem getur komið í stað flokkunarkerfis STEFs.

Lagt var fram minnisblað frá nefndinni svo og skýrsla frá Benedikt Jóhannessyni tryggingastærðfræðings.

Á fundinn komu þeir Atli Ingólfsson, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og Óttarr Proppé og kynntu þeir tillögur sínar um hvað komið gæti í stað núverandi flokkunarkerfi STEFs.

Eftir kynningu nefndarinnar og nokkrar umræður stjórnar var ákveðið að allar tillögurnar yrðu kynntar fulltrúaráði á næsta fulltrúaráðsfundi. Á þessu stigi yrðu þær kynntar sem jafn líklegar til að verða að lokum valdar sem loka niðurstaðan.

Bent var á að í vor mun nýtt fulltrúaráð koma saman eftir kosningar þannig að það kæmi í hlut nýs fulltrúaráðs að taka ákvörðun um niðurstöðu að þessu leyti.

Nefndinni var sérstaklega þökkun góð störf.

7. Endurreisn menningarlífs eftir covid – næstu skref

Greint var frá því að forsætisráðherra hefði boðið fulltrúum Samráðshóps tónlistariðnaðarins til fundar daginn eftir. Lagt var upp með að skilaboð til ráðherra væri að nauðsynlegt væri að horfa til sérgreindra aðgerða til handa tónlistarfólki og að þeim yrði bætt tjón sitt. Almennar aðgerðir hefðu nýst þessum hópi afskaplega illa. Þá var einnig lagt upp með að áhersla yrði lögð á að flýta stofnun Tónlistarmiðstöðvar.

Í þessu sambandi var einnig rætt um hvort þörf væri á því að Samráðshópur tónlistariðnaðarins myndi formgerast betur með einhverjum hætti, t.a.m. með stofnun regnhlífisamtaka. Taldi stjórn að slíkur samráðsvettvangur myndi myndast með stofnun Tónlistarmiðstöðvar og væri vænlegra að einblína á hana fremur en að stofna enn ein samtökin.

8. Önnur mál

Rætt var um undirbúning fulltrúaráðsfundarins þann 9. desember og hvort ekki væri skynsamlegt að færa fundinn í stærri sal þannig að hægt væri að gæta að sóttvörnum. Stjórn vildi allra helst komast hjá því að halda fundinn á Teams.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 13:15.